

Skógarvörðurinn á Vöglum.

STARFSKYRSLA FYRIR ÁRID 1982.

Isleifur Sumarliðason.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Vöglum fyrir árið 1982.

1. V E D U R F A R A R S I N S.

1. Tíðarfarsyfirlit.

I janúar var suðlæg og suðaustlæg átt tíðust.

Hámark hita mældist 5.8 stig 12. janúar, lágmark -18.6 stig 8. s. m. Meðalsnjóddýpt var 75 cm.

I febrúar var breytileg átt en norðlæg átt þó tíðust að tiltölu. Hlýtt.

Hámark hita mældist 8.4 stig 20. febrúar, lágmark 710.2 stig 11. s. m. Meðalsnjóddýpt var 81 cm.

I marz var suðlæg átt lang tíðust. Hámark hita mældist 9.9 stig 30. marz, lágmark -17.6 stig 3. s. m. Meðalsnjóddýpt var 75 cm.

I apríl var suðlæg átt tíðust, en einnig var suðaustlæg átt tíð. Kalt.-

Hámark hita mældist 10.3 stig 18. apríl, lágmark -11.8 stig 7. s. m. Meðalsnjóddýpt var 25 cm.

I maí var breytileg átt en norðlæg átt var tíðust að tiltölu, en breytileg. Kalt. Þann 12. maí var brum á lerki farið að þrútna og 23. maí einnig á birki, en framför engin vegna kuldanna, fyrr en síðustu daga mánaðarins.

Hámark hita mældist 13.2 stig 10. maí, lágmark -13.3 stig 5. s. m. Meðalsnjóddýpt var 4 cm.

I júní var norðlæg átt tíðust. Hámark hita mældist 23.2 stig 6. júní, lágmark -1.3 stig 13. s. m. Frost mældist tvisvar í mælaskýli, en 8 sinnum á lágmarksmæli við jörð.

Þann 5. júní var lerkíð orðið grænt yfir að líta, birkiskógurinn var þá farinn að litkast og um 10. s. m. taldist skógurinn allaufgaður yfir að líta.

I júlí var breytileg átt, en suðlæg átt tíðust að tiltölu. Hljásti og jafnframt úrkomumesti jólimánður frá 1979.

Hámark hita mældist 19.8 stig 20. júlí, lágmark 0.9 stig í mælaskýli og -1.2 stig á lágmarksm. v/ jörð 25. s. mán.

I ágúst var norðlæg átt tíðust. Hámark hita mældist 21.1 stig 3. ágúst, lágmark -4.3 stig í mælaskýli og -6.5 stig á lágmarksm. v/ jörð 28. s. m. Þá gjörféll kartöflugras og skemmdir urðu í gróðrarstöðinni, sérstaklega á alaskaösp. Frost mældist fjórum sinnum á lágmarksmæli v/ jörð í mánuðinum.-Kaldasti ág. frá 1979.

Í lok mánaðareins var birkiskógurinn lítilsháttar byrjaður að gulna.

I september var norðlæg átt tíðust. Hámark hita mældist 10.4 stig 1. sept., lágmark -7.5 stig 22. s. m. Frost mældist 24 sinnum á lágmarksmæli v/ jörð.

Þann 10. september var skógurinn talsvert farinn að gulna og lauffall að byrja. Þann 19. var skógurinn alveg gulur og litadyrð mikil, lítilsháttar lauffall. Í lok mánaðarins var skógurinn að mestu lauflaus.

I október var breytileg átt, en suðlæg átt einna tíðust. Hámark hita mældist 10.6 stig 7. október, lágmark -9.5 stig 26. s. m. Mesta snjódýpt var 27 cm. 26. okt.

I nóvember var enn breytileg átt, en suðlæg átt þó tíðust að tiltölu. Hámark hita mældist 9.0 stig 5. nóv. lágmark -16.1 stig 27. s. m. Meðalsnjódýpt var 20 cm., mest 34 cm. Þetta var kaldast nóvember frá 1979, einnig sá úrkomúminsti.

I desember Vað sunnan og suðvestanátt lang tíðastar.
Hámark hita mældist 8.3 stig 29. desember, lágmark -16.3 stig 22. s. m.
Meðalsnjóddýpt var 45 cm. mest 77 cm.

1. 2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 1982.

	<u>Meðalhiti C°</u>	<u>Úrkoma mm.</u>
Janúar	-4.8 (-5.8)	63.6 (68.9)
Febrúar	0.1 (-5.1)	71.1 (30.8)
Marz	-1.9 (-3.8)	42.0 (67.0)
Apríl	1.7 (2.4)	16.2 (25.0)
Maf	2.3 (4.2)	45.3 (17.5)
Júní	9.7 (7.3)	16.1 (11.9)
Júlí	11.1 (9.3)	48.2 (38.0)
Agúst	7.6 (10.3)	55.1 (51.4)
September	3.4 (5.1)	57.7 (117.9)
Október	2.1 (-1.8)	116.6 (166.2)
Nóvember	-3.6 (-3.1)	53.0 (79.8)
Desember	-4.1 (-4.7)	81.3 (161.5)
<u>Arið</u>	<u>2.0 (1.2)</u>	<u>666.2 (935.9)</u>

Tölurnar í svigum sýna hita og úrkomu 1981.

1. 3. Meðalhiti júní- september var 8.0 stig.

2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÖÐURS.

2. 1. Laufgun og lauffall birkis.

Þann 23. maí var brum á birki farið að þrútna, en framför voru engin fyrr en í lok mánaðarins.

Þann 5. júní var lerkid orðið grænt yfir að líta og birkiskógurinn var þá farinn að litkast og 10. s. m. taldist skógurinn allaufgaður.

Í lok ágúst var birkiskógurinn lífilsháttar farinn að gulna. Þann 10. september var skógurinn orðinn talsvert gulur og 19. s. m. var hann alveg gulur og litadýrð mikil, enda komu næturfrost senmma og óvenju hörð, síðast í ágúst.

Í lok september var skógurinn að mestu lauflaus.

2. 2. Vöxtur.

Vöxtur á barrtrjám var góður og svo var einnig um lauftré, þó svo að kalt væri á maí og ágúst. Þattu júní og júlí það upp.

2. 3. Fræfall.

Mjög lítið af kónglum var á barrtrjám og mjög lítið fræ var einnig á lauftrjám og því engin fræsöfnun.

2.4. Skaðar á trjám.

Alaskaöspinn á Akureyri og í Eyjafirði varð fyrir áfalli s. l. vor og laufgaðist mjög seint, misjafnt eftir kvæmum. Sum þeirra voru ekki búin að ná sér fyrr en síðla sumars.

Frost síðast í ágúst skemdu aspir hér í gróðrarstöðinni mikið, einnig sér á birki og ýmsu öðru og eitthvað hefur rjúpan komist í toppa á birkinu hér í gróðrarstöðinni, sem stóð upp úr snjónum í vetur.

Köngurlingur breiðist út í Vaglaskógi, Lautaskógi, Sigríðarstaðaskógi og sjálfsagt víðar.

3. STARFSFÓLK.

Þær breytingar urðu á starfsfólki að Brynleifur Siglaugsson, sem verið hafði á Vöglum í s. l. tvö fluttist nú í Háls, en vann hér samt að haustinu eftir því sem hann gat og fram að áramótum. Í Vagli fluttist nú Sigurpáll sem var á Vöglum, áður en Brynleifur kom þangað.

Ráðskona var sem áður Svafa Hermannsdóttir.
Flest var fólk á launaskrá í júní 25 manns.

4. GIRÐINGAR.

4. 1. Viðhald.

Alltaf eykst viðhald girðinga, svo var einnig nú, enda girðingar illa farnar eftir veturinn og fór langur tími í viðgerðir.

Viðhaldskostnaður varð kr. 56.659.00, umsjón og smölun kr. 22.112.00

Í Vaglagirðingu var bætt 20 staurum 5. fet og 20 staurum 6 f. fúavarðir.

Í Þórðarstaðagirðingu var bætt 85 staurum 6 f. fúavörðum, 45 járnstaurum og 7 rl. gaddavír.

Girðingun að sunnan var girt upp á 600 m. kafla og þarf að halda áfæm að endurnýja girðinguna.

Í Kristnesgirðingu var bætt 150 staurum 6 f. fúavörðum. Girðinguna þarf að girða upp og færa á köflum, ef til þess fæst leyfi.

Birgðir af girðingarefni í árslok:

14 rl. gaddavír,
26 rl. vírnet,
3 - sigavír
48 st. járnstaurar,
120 - rekaviðarst.

5. SKÓGARHÖGG.

5.1. Viður.

Skógarhöggið fór fram í Vaglaskógi og var aðallega höggvið í n.hl. reits nr. 323 og í reitum 415 og 416. Einnig var farið nokkuð um norðurhluta skógarins, ofan efri vegar, og höggvin toppþurr tré.

Tekjur af skógarafurðum:

Staurar.....	kr.	24.848.00
Efniviður.....	-	22.206.50
Reykviður.....	-	57.975.00
Arinnviður.....	-	43.295.50
Plattar o. fl....	-	<u>17.595.00</u>

Samtals kr. 165.928.00

Skógarhögg og viðarsala á Vöglum 1982.

	<u>Staurar</u> <u>5 fet</u>	<u>Staurar</u> <u>6 fet</u>	<u>Efniv.</u> <u>tonn</u>	<u>Eldiv.</u> <u>tonn</u>	<u>Samtals</u> <u>krónur</u>
Sala 1982	452	343	3.50	74.28	165.920.-
S. r. Vöglum	20	250		3.00	13.800.-
Birgðir, Vöglum	<u>620</u>	<u>1.760</u>	<u>6.00</u>	<u>12.00</u>	<u>86.050.-</u>
	1.092	3.455	9.50	89.28	264.770.-
Birgðir 1981	<u>910</u>	<u>2.050</u>	<u>7.00</u>		<u>72.680.-</u>
Högg 1982	<u>182</u>	<u>1.405</u>	<u>2.50</u>	<u>83.28</u>	<u>192.090.-</u>
Tonn	<u>0.91</u>	<u>10.54</u>	<u>2.50</u>	<u>83.28</u>	<u>97.23</u>

Laun og launatengd gjöld voru kr. 190.467.00

5. 2. Jólatré.

Alls voru fællid 1.168 jólatré 1.- 25. nóvember.

Trén voru tekin á þessum stöðum:

	<u>Rauðgreni</u>	<u>Stafafura</u>	<u>Fjalla.</u>	<u>Samtals</u>
Vaglaskógur	141	25		166
Sigríðarst.skögur	167			167
Sandhaugar	66	15		81
Lautaskógur	73	6		79
Þórðarstaðaskógur	177			177
Fellsskógur	376		112	488
Kristnes	10			10
Samtals	<u>1.010</u>	<u>46</u>	<u>112</u>	<u>1.168</u>

Seld voru 1131 tré, þar af eitt aðkæpt. Um 15 tré fóru til starfsmanna o. fl., en 23 tré seldust ekki eða voru skemmd í flutningi.

Trén skiptust þannig eftir stærð:

<u>Stærð</u>	<u>Rauðgreni</u>	<u>Stafafura</u>	<u>Fjallab.</u>	<u>Samtals</u>
70-100	39	2	9	50
101-125	157	8	31	196
126-150	256	13	37	306
151-175	289	7	24	326
176-200	167		1	175
201-250	39			39
251-300	13			13
301-400	4			4
401-500	2			2
501-600	3			3
601-700	2			2
Gallað	<u>12</u>	<u>2</u>	<u>1</u>	<u>15</u>
Samtals	<u>983</u>	<u>45</u>	<u>103</u>	<u>1.131</u>

Farnar voru sölufærðir til Dalvíkur, Húsavíkur og Mývatnssveitar. Nú í fyrsta sinn voru seld tré til Sauðárkróks, Blönduós, Hvammstanga og til Reykjavíkur.

Tekjur skiptust þannig:

	<u>Sala</u>	<u>Aðkeypt</u>	<u>Mism.</u>
Jólatré	311.085.-	5.080.-	306.005.-
Innfl. greinar & köng	99.230.-	64.195.-	35.035.-
Ísl. greinar o.fl.	<u>8.827.-</u>	<u> </u>	<u>8.827.-</u>
Samtals	<u>419.142.-</u>	<u>69.275.-</u>	<u>349.867.-</u>

Kostnaður við töku á jólatrjám og afhendingu, buntun á greinum og söluferðir var kr. 90.567.00

6. GRÖÐRARSTÖÐ.

6. 1. Fræplöntur.

Sáning hófst 26. maí og lauk næsta dag. Sáð var 5.82 kg. af fræi í 369.0 m².

Í Sáningin tókst vel nema Alaskalerki spfraði minna en vonir stóðu til.

6. 2. Dreifsetning.

Dreifsetning hófst 28. maí og lauk um miðjan júní. Dreifsettar voru 88.400 plöntur og stungið 59.760 græðlingum.

Í haust vannst ekki tími til að vefja í móbænd, en verður gert í febrúar '83.

Afhentar voru 20.000 dreifsetningarplöntur að Lauga-brekku

Til dreifsetningar eru áætlaðar 160.000 plöntur næsta vor.

6. 3. Garðplöntur.

Garð-og skjólbeltaplöntur voru seldar fyrir kr. 543.583.00, auk þess sem sendar voru plöntur að Laugabrekku og Hallormsstað fyrir kr. 25.950.- Afhentar voru ~~þjóðgerð~~ og skjólbeltaplöntur. Áætlað til afhendingar eru 43.000 plöntur, en fyrirsjáanlegur er verulegur samdráttur í sölu næsta vor.

Farnar voru söluferðir á sömu staði og áður. Verulegar frostskemdir frá s. l. hausti eru þegar komnar í ljós, t. d. á ösp og birki.

6. 4. Afhending skógarplantna.

Afhentar voru 135.096 plöntur, 10.000 plöntum færri en áætlað.

Frost féll haustið 1981 á ófronsna jörð. Mikil mygla gerði var við sig í gróðrarstöðinni, sérstaklega á stafafuru, rauðgreni, hvítgreni og blágreni. Áætlaðar eru 134.160 plöntur til sölu og afhendingar næsta vor og sumar.

6. 5. Illgresiseyðing.

Hreinsun fór fram á hefðbundinn hátt og virðist kostnaður í algjöru lágmarki.

6. 6. Nýframkvæmdir.

Komið var upp gróðurhúsi, sem þó er ekki að fullu frágengið. Eftir er að ganga frá opnanlegum gluggum og hurðum og plasti á norður stafni. Flatarmál hússins er 200 m².

Bogar eru úr 2" galv. rörum 1.75 m. á milli boga.

Langbönd eru 2x3" og báfuplast er á grind.

Allt verkið er unnið af heimamönnum. Vinnulaun voru kr. 75.087.00, efniskaup kr. 109.005.00.

Í sambandi við efniskaup er rétt að geta þess að búið er að kaupa mikið af efni í annað gróðurhús af sömu stærð, þó ekki plastdúkinn. Einnig er búið að kaupa efni í litið stiklinga hús.

6. 7. Ymislegt.

Enn kom það fyrir að þrjú gróðurhús brotnuðu. Tvö þeirra skemmdust í hvassviðri, en eitt í hvirfilvindi. Sýnir þetta best hverf þörf er á endurnýjun þessara gömlu húsa.

Hitt er svo sýnilegt að ef ekki verður undinn að því bráður bugur að framleiða hér plöntum í bökkum, þá hlýtur framleiðslan hér mjög að dragast saman eða leggjast niður og ekki annað að sjá en mönnum sé sama. Það hvorki vekur áhuga né hvetur til átaka, ef allt hjakkar í sama farinu.

Eins og áður getur má búaast við frostskemmdum sérstaklega á laufplöntum en sjálfsagt líka eitthvað á barrplöntum, eftir hörð haustfrost í ágúst s. l.

6. 8. Sala og afhending.

Verðmæti seldra og afhentra trjáplantna:

Selda garð- og skjólbelapl.	kr. 543.583.00
Afhentar " " " "	.. - 25.950.00
Seldar skógarplöntur.....	- 233.876.00
Afhentar " " " " - 274.218.00
	<u>1.077.629.00</u>
- Plöntur frá Hallormstað..	- 57.579.00

Kr. 1.020.050.00

6. 9. Kostnaður.

Vinnulaun og launategd gjöld 1982:

Verkstjórn.....	kr. 60.186.00
Ræktun skógarplantna.....	- 162.140.00
Hreinsun skógarplantna.....	- 14.705.00
Ræktun garðplantna.....	- 220.391.00
Jarðabætur.....	- 6.933.00
Vetrarumbúnaður.....	- 3.811.00
Afgreiðsla.....	- 11.568.00
Umhverfiþ.....	- 8.862.00

Kr. 488.596.00

7. GRÓÐURSETNING.

Tafla yfir tegundir, kvæmi og magn.

	<u>Tegundir</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Reitur</u>	<u>Plöntufj.</u>
Vaglaskógur	Rússalerki	1/1	Modo	Hásmóar	300
"	Sib.lerki	2/2	Altai	"	150
"	Lerki	2/3	Akureyri of.	Símahúss	240
					<u>690</u>
Fellsskógur	Blágreini	2/4	H. S.		<u>800</u>
Melaskógur	Hvítgreini	3/4	Kenai		1.650
"	Stafafura	2/2	Skagway		2.050
"	Rússalerki	1/1	Modo		2.500
					<u>6.200</u>
Vagfir, belam..	Stafafura	2/2	White Pass,	meðfr, vegi	9.250
"	"	2/2	Skagway	"	4.500
"	"	2/3	Skagway	"	1.450
"	"	1/1-1/2	Modo		18.850
"	"	2/2	Altai	í gamla r.	650
					<u>34.700</u>
Öxnafell	Alaskaösp	0/2			70
"	Elri	2/2	Troms		50
"	Blágreini	2/4	H. S.		80
"	Rússalerki	1/1	Modo		300
					<u>500</u>
Grund, Eyjaf.	Stafafura	2/2	Skagway		500
					<u>500</u>
	<u>Samtals</u>				<u>43.390</u>

Gróðursetning hófst 14. júní og lauk 8. júlí. Í september voru svo gróðursettar 9.000 lerkiplöntur dagana 6.- 12. september á Vöglum á belamörk.

Kostnaður við gróðursetningu, þ. e. vinnulaun og launatengd gjöld var um kr. 1.20 á plöntu.

6. HIRÐING PLANTNA.

I Fellsskógi voru bornir á 4 sk. af áburði og haldið áfram umhirðu plantna þar.

I Vaglaskógi var hreinsað frá plöntum í reit 324 n. hl. og grisjað lerki og snyrt í reit 215.

I Kristnesi og í Grundarreit var unnið að hreinsun og snyrtingu.

Það er sama sagan og áður að þessi þáttur situr enn á hakanum og er það illa farið og verður að ráða bót á með auknu vinnuafli.

9. BYGGINGAR.

9. 1. Viðhald.

A Þórðarstöðum var unnið að lagfæringum á stofum og einangrað loft í gamla hluta.

A Vöglum I var unnið að lagfæringum á geymslu, (gamla fjósinu), það klætt innan með plötum og málað, en ekki lokið framkvæmdum. Eftir að leggja í gólf og lagfæra hurð og glugga.

A Vöglum II var bæt glerullareinangrun á loft í stofu og var það gert þannig að þakjárn og pappi var tekið af og einangruninni þannig komið fyrir. Þar var einnig skift um gler í öllum gluggum á hæðinni, en það gamla var mjög gallað.

I Starfsmannabústað var bæt glerullar einangrun á loft og var notuð sama aðferð og á Vöglum II.

Hósið í Asbyrgi var klætt utan og einangrað með 2" plasti. Frá grunni var hreinsað og veggir vöðu ábornir með þéttiefni og síðan fyllt að með hraunmöl. Skift var um glugga og sett tvöfalt gler í þá nýju. Gamla fjósið var rífið og sléttað yfir grunninn. Verkið unnið af starfsmönnum stofnunarinnar, nema að Baldur Kristjánsson, Hraunbæ, Aðaldal, vann með þeim og stjórnaði framkvæmdum. Vinnulaun voru kr. 31.205.00, annar kostnaður kr. 75.773.-, alls kr. 106.978.00

10. V E L A R O G V E R K F Æ R I.

Perkings díselvélin sem keypt var 1981, var nú sett í bifr. Þ. 4098 og var það unnið af heimamönnum. Girkassi í sömu bifreið varð að skipta um. Var sá gamli talinn ónýtur og var það áéleg ending.

Í ágúst var keypt ný Volvo-Lapplander bifreið, árgerð 1981.

Keyptur var "Fliskutter" frá Horsman Konetehdas, Finnlandi. Kom vélin það seint að hún var ekki tekin í notun á árinu, en flisina er ætlunin að bjóða reykhús-um.

11. Y M I S L E G T.

11. 1. Ferðalög og fundahöld.

Sat að venju stjórnarfundir Skógræktarfélagi S.-Þingeyinga og var aðalfundur félagsins haldinn hér í starfsmannabústaðnum og þágu fundarmenn veitingar í boði Skógræktar ríkisins.

Tók á móti fundarmönnum og gestum á aðalfundi Skógræktarfélagi Íslands í Graundarreit í Eyjafirði og þágu 135 manns veitingar í boði Skógræktar ríkisins.

Farnar voru margar ferðir vegna eftirlits og gróðursetningar. Fór tvær ferðir að Hólum í Hjalta-dal samkv. óskum frá Skógræktarfélagi Skagfirðinga, til leiðbeininga við grisjun og snyrtingu, auk þess mönnum var kennd meðferð keðjusaga.

11. 2. Ferðafólk.

Ferðafólk með tjöld var með flesta móti, enda veður mjög gott í júlí.

Tekjur af hjólhýsum voru kr. 28.650.00, af tjaldstæðum kr. 45.460.00, alls kr. 74.110.00.

Laun og launatengd gjöld voru kr. 32.600.00

Umsjónarmaður var Ketill Tryggvason.

11. 3. Annað.

Námskeið í meðferð véla og verkfæra í sambandi við skógarhögg var haldið hér dagana 9. - 13. ágúst. Leiðbeinandi var Björn Tollefsen frá Noregi. Á þessu námskeiði voru allir þeir sem að skógarhöggum unnu með keðjusögum. Námskeiðið var vel heppnað og ómetanlegt að fá svo góðar leiðbeiningar.

Þess má einnig þetta að starfsmaður héðan fór í mánaðar vinnu og þjálfun í skógarhöggi og grisjun til Noregs og var þar undir stjórn Björns Tollefsen.

Sigurlaug Jónsdóttir í fimm vikna starfskynningu til Noregs s. l. sumar og var á garðplöntustöðvum við Þrándheim, Staup og Sömna, Vik í Helgeland.

Allt er þetta gott og þakkarvert, enda er nauðsynlegt að fólk kynnist öðrum og nýjum vinnubrögðum, ef ekki á allt að hjakka í sama farinu.

Þann 17.-19. september var sett upp garðplöntusýning í Íspróttahöllinni á Akureyri. Syndum það me a. plöntur í hinum fegurstu haustlitum. Var þetta fyrir atbeina Óla Vals Hanssonar og í sambandi við blómasýningu Blómamiðstöðvarinnar frá Reykjavík.

Vöglum 10. marz 1983.

Sigurlaug Jónsdóttir